

Kennsluáætlun



Fjölbrautaskóli Snæfellinga

Grundargötu 44 - 350 Grundarfjörður - Sími: 430 8400

Áfangi:	DANS2DM05
Kennari:	Tinna Ólafsdóttir
Önn:	Haust 2026
Áætlun unnin:	Ágúst 2026

Markmið:

Þekkingarmarkmið:

Að nemendur hafi aflað sér þekkingar og skilnings á:

- mannlífi og menningu í Kaupmannahöfn
- viðhorfum, gildum og almennum kurteisisvenjum í Danmörku
- tengslum Íslands og Kaupmannahafnar, meðal annars á sviði menntunar
- helstu Íslendingaslóðum í Kaupmannahöfn
- orðaforða sem tengist ferðalögum, samgöngum, gistingu, veitingastöðum, afþreyingu og daglegum samskiptum
- helstu kennileitum, hverfum og menningarstöðum Kaupmannahafnar.

Leiknimarkmið:

Nemandi skal hafa öðlast leikni í:

- afla sér hagnýtra upplýsinga og taka þátt í samræðum
- skilja talað danskt mál í algengum raunverulegum aðstæðum
- beita dönsku skýrt og skiljanlega
- nota upplýsingatækni og önnur hjálpargögn við upplýsingaöflun, undirbúning og samantekt
- vinna úr og sambætta upplýsingar og miðla þeim til annarra á áhugaverðan hátt
- afla upplýsinga um flug, gistingu, samgöngur, afþreyingu og menningarviðburði
- skipuleggja ferð í samvinnu við aðra og taka þátt í sameiginlegri ákvarðanatöku
- nota dönsku við raunverulegar aðstæður í Kaupmannahöfn.

Hæfnimarkmið:

Nemandi skal geta hagnýtt þá þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- taka þátt í almennum samræðum um fjölbreytt málefni
- færa rök fyrir máli sínu og brugðist við óvæntum spurningum
- tjá sig skýrt og skiljanlega og rökstyðja skoðanir sínar
- fjalla um sérhæfð efni með viðeigandi orðaforða

• fjalla almennt um menningu og mannlíf Danmerkur • sýna sjálfstæði og ábyrgð við skipulagningu og framkvæmd ferðar • vinna með öðrum, taka tillit til ólíkra sjónarmiða og komast að sameiginlegri niðurstöðu • nýta dönsku sem raunverulegt samskiptatæki.	
Markmiðin eru metin með:	Sí- og leiðsagnarmati, sjálfsmati og mati á virkni og þátttöku nemenda.

Námsefni:	Ekki er gert ráð fyrir einni kennslubók. Námsefni verður meðal annars: • efni frá kennara • danskir vefmiðlar og upplýsingasíður • vefsíður um Kaupmannahöfn, samgöngur, menningu og afþreyingu • kort og leiðakerfi borgarinnar • danskar fréttir, myndbönd, samfélagsmiðlar og annað raunefni • upplýsingar um flug, gistingu, veitingastaði og viðburði • orðabækur og önnur stafræn hjálpargögn. Mikil áhersla er lögð á að nemendur vinni með raunverulegt danskt efni og læri að afla sér sjálfir þeirra upplýsinga sem þeir þurfa.
Námsmat:	Þetta er símatsáfangi sem byggir fyrst og fremst á virkni, þátttöku, samvinnu og ábyrgð nemenda. Áhersla er lögð á námsferlið, sjálfstæð vinnubrögð og þátttöku í sameiginlegu verkefni hópsins.
Virkni, þátttaka og vinnuframlag 70%	Við mat á þessum þætti er meðal annars horft til þess hvort nemandi: • mæti undirbúinn og taki virkan þátt í kennslustundum • taki þátt í samtölum og verkefnum á dönsku eftir getu • leggi sitt af mörkum við skipulagningu ferðarinnar • taki þátt í upplýsingaöflun um flug, gistingu, samgöngur og afþreyingu • vinni vel með öðrum og taki þátt í sameiginlegri ákvarðanatöku • sýni frumkvæði og ábyrgð • taki virkan þátt í verkefnum og dagskrá í Kaupmannahöfn • nýti dönsku í raunverulegum aðstæðum eftir því sem tækifæri gefast. Leiðsagnarmat fer fram jafnt og þétt og nemendur fá reglulega tækifæri til að meta eigið vinnuframlag og setja sér markmið.

Lokaverkefni 30%	Eftir ferðina vinna nemendur einstaklingsbundið lokaverkefni þar sem þeir segja frá upplifun sinni af Kaupmannahöfn og velta fyrir sér því sem þeir lærðu. Form verkefnisins er frjálst. Nemendur geta til dæmis skilað: • hefðbundinni ferðadagbók • vloggi • myndbandi eða stuttmynd • podcasti • myndasögu eða stafrænni frásögn • ljósmyndadagbók með texta • Canva/PowerPoint-frásögn • eða annarri skapandi útfærslu í samráði við kennara. Í verkefninu þarf að koma fram dönsk málnotkun, upplifun nemandans af ferðinni, tenging við danskt mannlíf og menningu og persónuleg ígrundun.

Skipulag náms:
Námstilhögun:
Áfanginn er verkefna- og reynslumiðaður. Nemendur skipuleggja í sameiningu, í samráði við kennara, fjögurra nátta námsferð til Kaupmannahafnar í nóvember. Undirbúningur ferðarinnar er stór hluti námsins. Nemendur rannsaka mismunandi möguleika, bera saman verð og staðsetningar, kynna hugmyndir sínar fyrir hópnum og taka sameiginlegar ákvarðanir. Meðal þess sem nemendur koma að er: • leit að og samanburður á flugi • leit að og samanburður á gistingu • gerð kostnaðaráætlunar • skipulag samgangna í borginni • rannsókn á hverfum og kennileitum • val á söfnum, menningarstöðum og annarri afþreyingu • val á veitingastöðum og matarupplifun • undirbúningur daglegrar dagskrár • rannsókn á Íslendingaslóðum í Kaupmannahöfn. Í kennslustundum verður dönsk málnotkun tengd beint við aðstæður sem nemendur geta lent í í ferðinni, t.d. á flugvelli, hóteli, veitingastað, í verslun, á safni og í almenningssamgöngum.

Um skilafrest og vanskil:
Nemandi í framhaldsskóla ber ábyrgð á eigin námi. Þar sem virkni og þátttaka eru stór hluti námsmats er mikilvægt að nemendur mæti reglulega og taki virkan þátt í vinnu hópsins. Ef nemandi er fjarverandi ber hann ábyrgð á að kynna sér hvað hópurinn hefur unnið og koma sér aftur inn í verkefnið.
Um próf:
Ekkert hefðbundið lokapróf er í áfanganum. Námsmat byggist á virkni og þátttöku yfir önnina ásamt lokaverkefni eftir námsferðina.

Áætluð yfirferð

Kennsluvikur	Áætluð yfirferð	Skil á verkefnum/kannanir
Vika 34 17. – 23. ágúst	18. ágúst – Fyrsti kennsludagur. Kynning á áfanganum og námsferðinni. <i>Hvad ved vi om København?</i> Hvað vitum við og hvað viljum við vita?	Hugmyndavinna. Nemendur setja sér persónuleg markmið fyrir áfangann.
Vika 35 24. – 30. ágúst	København – vores by. Kynning á borginni, hverfum hennar og helstu kennileitum. Kortavinna.	Hópvinna: <i>Hvad skal vi opleve i København?</i>
Vika 36 31. ágúst – 6. sept	Vi skal til København! Flug, flugvellir, dagsetningar og ferðatími. Hvernig leitum við að flugi og berum saman möguleika?	Nemendur rannsaka flugmöguleika og kynna niðurstöður.
Vika 37 7. – 13. sept	Hvor skal vi bo? Hótel, hostel, íbúðir og hverfi Kaupmannahafnar. Orðaforði tengdur gistingu	Samanburður á gistimöguleikum. Kostir/gallar og verð.
Vika 38 14. – 20. sept	Budget og penge. Danskar krónur, verðlag, kostnaðaráætlun og sameiginleg ábyrgð	Drög að kostnaðaráætlun ferðar.
Vika 39 21. – 27. sept	23 – 24. sept – Haustfrí 25. sept – Námsmat Samantekt á ferðaskipulagi,	Staða tekin á skipulagningu og einstaklingsbundin leiðsögn.
Vika 40 28. sept – 4. okt	28. sept – Námsmat Transport i København. Metro, S-tog, strætó, hjól og ganga. Að spyrja til vegar og rata.	<i>Hvordan kommer vi fra A til B?</i> Hagnýtar samtalsæfingar

Vika 41 5. – 11. okt	København før og nu. Saga borgarinnar og helstu sögustaðir	Nemendur velja stað eða hverfi og kynna fyrir hópnum.
Vika 42 12. – 18. okt	Íslendinge i København. Tengsl Íslands og Danmerkur og helstu Íslendingaslóðir í borginni.	Rannsóknarvinna og hugmyndir að stöðum sem heimsóttir verða.
Vika 43 19. – 25. okt	Dansk kultur og hverdagsliv. Mannlíf, venjur, kurteisi, hygge og daglegt líf.	Umræður og hagnýtar samskiptaæfingar
Vika 44 26. okt – 1. nóv	29.–30. okt. – Námsmat. <i>Hvad skal vi opleve?</i> Söfn, tónlist, menning, Tívolí, hverfi og önnur afþreying	Hópurinn ber saman valkosti og mótar dagskrá ferðar.
Vika 45 2. – 8. nóv	På restaurant og café. Danskur matur, matseðlar og samskipti á veitingastöðum	Hlutverkaleikir: panta borð, panta mat, spyrja og borga.
Vika 46 9. – 15. nóv	Undirbúningur fyrir ferð. Dagskrá, samgöngur, fjárhagur, ábyrgð og verkaskipting.	Nemendur setja saman plan með upplýsingum sem þau hafa aflað.
Vika 47 16. – 22. nóv	Klar til København. Lokaundirbúningur.	Nemendur ganga frá sameiginlegri ferðaáætlun. Undirbúningur ferðadagbókar hefst
Vika 48 23. – 29. nóv	KØBENHAVN – NÁMSFERÐ – fjórar nætur í nóvember, endanlegar dagsetningar samkvæmt bókun. Danska notuð við raunverulegar aðstæður og unnin verkefni tengd mannlífi, menningu og sögu borgarinnar.	Virk þátttaka í dagskrá. Nemendur safna efni fyrir lokaverkefni: myndum, myndböndum, hljóði, texta og hugleiðingum.
Vika 49 30.nóv – 6. des	Tilbage fra København. Hvað kom á óvart? Hvað lærðum við? Hvernig gekk að nota dönskuna? Min København. Vinna við lokaverkefni. Nemendur velja sjálfir miðil og framsetningu.	Lokaígrundun og vinna við ferðadagbók. Einstaklingsbundin leiðsögn. Vlogg, dagbók, podcast, myndasaga o.fl

Vika 50 7. – 13. des	Lokaverkefnisvika. Frágangur og kynningar. <i>Hvad har jeg lært?</i>	Lokaverkefni – Min København / Ferðadagbók – 30%.
Vika 51 15. – 21. des	Námsmatsdagar 17. desember - Einkunnabirthing 18. desember - Útskrift	

Birt með fyrirvara um breytingar

Tinna Ólafsdóttir